



Vesturbyggð

## KLIF-SNJÓFLÓÐAVARNARGARDUR DEILISKIPULAG




**GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI**  
**dags. 22. janúar 2013**



Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson,  
Hamraborg 12, 200 Kópavogi - [www.landmotun.is](http://www.landmotun.is)  
sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: [landmotun@landmotun.is](mailto:landmotun@landmotun.is)





Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_ og  
í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

---

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir skólareitinn sem var samþykkt 25.6.2001 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 19.07.2001.



## **Efnisyfirlit**


1.	Inngangur .....	4
1.1.	Markmið .....	4
1.2.	Málsmeðferð og kynning .....	4
1.3.	Staðhættir .....	5
1.4.	Varnargarður .....	5
1.5.	Aðkoma .....	5
1.6.	Útvist .....	5
1.7.	Stígar .....	6
1.8.	Frágangur .....	6
1.9.	Minjar .....	6
1.10.	Vinnubúðir .....	6
2.	Umhverfisskýrsla .....	7
2.1.	Valkostir .....	7
2.2.	Tengsl við aðrar áætlanir .....	7
2.3.	Umhverfismat .....	8
2.4.	Mótvægisaðgerðir og vöktun .....	9
3.	Afgreiðsla eftir auglýsingu .....	10
	Heimildarskrá .....	13



## 1. Inngangur

### 1.1. Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi íbúa bæjarins með tilliti til snjóflóða með byggingu varnarvirkja en jafnframt að milda neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag og náttúru með mótvægisáðgerðum. Jafnframt hefur verið gerð breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð 2006-2018 verður svæðið skilgreint á þéttbýlisupprætti sem opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir.



Mynd 1-1. Hluti af staðfestu Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

### 1.2. Málsmeðferð og kynning

Kynningarfundir voru haldnir á Patreksfirðir fyrir íbúa vegna frumathugunar, hættumats með og án varna, hönnun og umhverfismat fyrri varnarvirkja. Á þessum fundum voru almennar snjóflóðavarnir ræddar. Samtímis gerð deiliskipulags var gerð breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 en bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum, þann 28. september 2011, að tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi og tillagan skyldi auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á auglýsingartímanum verður tillagan kynnt sérstaklega fyrir íbúum í næsta nágrenni við fyrirhugaðar snjóflóðavarnir.



### **1.3. Staðhættir**

Deiliskipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnasvæði neðan Klifs á Patreksfirði og liggur í 25-55 h.y.s. Svæðið afmarkast til suðurs af Patreksskóla og Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar, Klifi fyrir norðan, Hlíðarvegi að austan og hluta skólasvæðis að vestan. Svæðið milli Vatneyrar og Geirseyrar nefnist Klif en byggðin við Klif stendur mjög nálægt fjallinu og er blönduð í búðahúsum og þjónustubyggingum Deiliskipulagssvæðið einkennist af mólendi, graslendi og skógrækt. Einnig er lúpína á svæðinu ofan byggðarinnar. Hættumat vegna ofanflóða við Patreksfjörð var samþykkt haustið 2003. Í matinu eru hættusvæði vegna snjóflóða talin ná til mikils hluta byggðarinnar á Patreksfirði. Grunnskóli, heilbrigðisstofnun og kyndistöð eru samkvæmt hættumati innan hættusvæðis C og íþróttahús/sundlaug, skóli og kirkja innan hættusvæðis B. Grjóthrungs- og aurflóðahætta er ekki talin alvarleg þó hún sé til staðar.

### **1.4. Varnargarður**

Tillagan gerir ráð fyrir byggingu 250 m langs þvergarðs/varnargarðs ofan byggðarinnar milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Þvergarðurinn verður 10-12 m hár og er heildarrúmmál hans um 42.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni í garðinn verði að mestu nýtt við uppröft á staðnum en efni sem notað verður í kjarna garðsins eða um 16.000 m<sup>3</sup> verður sótt í nálægar námur eða efni sem fellur til við vegagerð. Grafin verður að jafnaði 2 m rás ofan/framan garðsins frá núverandi yfirborði lands. Flóðmegin verður hlið garðsins brött (1:0,25) til að hámarka virkni garðsins. Hlémegin verður garðurinn með 1:1.5/1.6 m halla. Toppur garðsins verður 10 m breiður og gert er ráð fyrir öryggisgirðingu við brúnina sem veit upp í hlíðina. Varnargarðurinn mun verja 7 byggingar sem taldar voru upp hér að ofan. Þó fyrirhugaður varnargarður sé í mikilli nálægð við þjónustustofnanir verður ekkert skuggavarþ á þær. Garðurinn eru í fjallshlíðinni norðan við byggðina, en hlíðin er það há að aldrei nær að skína sól á þá hlið garðsins sem snýr frá byggðinni.


### **1.5. Aðkoma**

Aðkoma að framkvæmdasvæðinu verður vestan Patreksskóla og ofan við húsin sem standa norðan við Aðalstræti og verður sá vegur nýttur sem almennur stígur að framkvæmdum loknum. Fella skal fláa og skeringar, þar sem þær verða teknar að landi þannig að slóðin verði eins lítt sýnileg og kostur er. Uppgræðsla slóðarinnar verði í sem mestu samræmi við ríkjandi gróðurfar.

### **1.6. Útvist**

Svæðið umhverfis ofanflóðavarnir hefur verið skipulagt til að draga sem mest úr umhverfisáhrifum varnarvirkjanna. Svæðið verður mótað með að það nýtist sem best til útvistar. Frágangur verður vandaður á svæðinu milli garðsins og byggðarinnar með uppræðslu, trjárækt og gerð göngustíga. Gert er ráð fyrir tveimur áningaráðum/rjóðri. Annars vegar í vesturhluta svæðisins sem afmarkast af hleðslum og gróðri, er nýta má sem útikennslustofu fyrir grunnskólann eða til að safna saman hópum á leið í vettvangsferðir. Hins vegar á í austurhluta varnargarðs, ofan Stekka, þar sem koma má fyrir bekkjum sem nýst geta líka fyrir útikennslu.

EKKI SKAL GERT RÁÐ FYRIR LÝSINGU Á VARNARVIRKJUM, VEGSLÓÐUM EÐA GÖNGUSTÍGUM. SKILTI SKULU AÐEINS STAÐSETT Á ÁNINGARSTAÐNUM OG ÚTSÝNSTALLINUM. SKILTI SKULU VERA LÁTLAUS OG SKYGGI EKKI Á ÚTSÝNI.



### **1.7. Stígar**

Aðalstígur mun liggja frá austri til vesturs ofan garðsins frá Hjöllum og Hlíðarvegi að austri sem leið liggur til vesturs og tengjast aðkomuvegi sem nýttur verður sem aðalstígur að framkvæmdum loknum. Stígarinn mun tengja saman áningarstaði austast og vestast á skipulagssvæðinu. Lega stígsins eins og hún er sýnd á upprætti norðan Stekka er leiðbeinandi og mun lega, hönnun hans og útfærsla miðast við að raska þeim minjum sem eru á svæðinu sem allra minnst og í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins.. Aðalgöngustígurinn mun tengjast málbikuðu stígakerfi bæjarins. Göngustígur skulu vera um 2 m á breidd með góðu malaryfirborði eða bundnu slitlagi. Hugað skal sérstaklega að möguleikum fatlaðra til að ferðast um stígana. Þó ekki náist lágmarkskröfur fyrir hjólastóla. Aðrir stígar munu liggja frá Stekkum að aðalstíg.

### **1.8. Frágangur**

Við upphaf framkvæmda skal haugsetja gróðurþekju og jarðveg á framkvæmdasvæðinu og nýta við lok framkvæmdar, til að mynda jarðvegsþekju á varnarvirkjunum og á þeim svæðum sem raskast við framkvæmdirnar. Lögð skal áhersla á að flýta uppræðslu eins og kostur er. Til að hindra jarðvegsrøf og moldrok skal sað grasfræi og bera á áburð strax við lok framkvæmda og endurtekið að ári liðnu. Safna skal fræi af nærliggjandi svæðum til að nýta til sáningar á framkvæmdasvæðinu, þannig að gróðurþekja verði sem líkust aðliggjandi svæðum. Við áningarstað og aðra álagsstaði er þó gert ráð fyrir að nota þökur. Sérstök áhersla skal lögð á að gera skilin sem ógreinilegust milli óraskaðs og raskaðs lands.

### **1.9. Minjar**

Í júlí 2011 var gerð fornleifaskráning á svæðinu og eru minjar sýndar á upprætti til auðkenningar. Alls fundust 18 minjar á svæðinu en fornleifaskráning er í fylgiskjali með deiliskipulaginu. Alls munu 3 fornleifar hverfa vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þ.e. 017 (rúst), 018 (rúst9 og 019 (garðlag). Grafa þarf könnunarskurði rústirnar og garðlagið til að reyna að komast að eðli þeirra og aldri og bera undir Fornleifavernd ríkisins. Tvær rústir úтиhúsa nr. 005 og 006 eru utan skipulagssvæðis og eru ekki í hættu. Við útfærslu og hönnun framkvæmdar verður þess gætt að raska sem minjum sem allra minnst og skal það gert í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins.

### **1.10. Vinnubúðir**

Staðsetning vinnubúða verður utan við þess svæðis sem skipulagsbreytingin tekur til. Fylgja skal reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um sprengingar nr. 684/1999. Á framkvæmdatímanum verður nokkur hávaði vegna vinnutækja og sprenginga, einkum á fyrri hluta hans. Vegna nálægðar við íbúðabyggð skal leitast við að taka sérstakt tillit til íbúanna á framkvæmdatímanum.



## **2. Umhverfisskýrsla**

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í þéttbýli falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagstillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

### **2.1. Valkostir**

Ekki er fjallað um mismunandi valkosti í umhverfismatinu, enda hefur þegar verið fjallað um þá í breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Þar voru metin umhverfisáhrif tveggja mismunandi leiða að markmiðum aðalskipulagsins. Annars vegar að byggja varnarvirki og hins vegar nállkostur sem er að hafast ekkert að. Niðurstaða matsins var að ákjósanlegra væri að byggja varnarvirki, því það myndi tryggja ásættanlegt öryggi fyrir íbúa svæðisins.

### **2.2. Tengsl við aðrar áætlunar**

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006. Samkvæmt því er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og svæði undir náttúrvá. Deiliskipulagið hefur það í för með sér að breyta þarf aðalskipulaginu og er unnið að þeirri breytingu samhliða deiliskipulagsgerðinni. Deiliskipulagið er í samræmi við helstu markmið aðalskipulagsins um náttúrvá en þar segir m.a.:


- Hættusvæði vegna ofanflóða verði kortlögð enn frekar.
- Þess verði gætt að íbúðarbyggð og sumarbústaðasvæði verði ekki skipulögð á hættusvæðum.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að verja byggð á Patreksfirði neðan Klifs fyrir ofanflóðahættu með byggingu varnarvirkja.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að við hönnun og frágang varnarvirkja skuli sérstaklega huga að aðgerðum til að milda neikvæð áhrif framkvæmda á landslag og náttúru. Nefnt er að mikilvægt sé að vanda alla jarðvinnslu og frágang. Jafnframt er lögð áhersla á að auka gildi útvistar við varnarvirki með bættu aðgengi, m.a. með göngustígum, upplýsingaskiltum og annarri aðstöðu til útvistar og þannig reyna að milda neikvæð umhverfisáhrif.

Aðalskipulagið leggur einnig áherslu á að fylga gönguleiðum, þannig að þær hvetji til útvistar. Útvistarsvæði skuli vera í sátt við náttúruna og hugað skal að aðgengi fyrir alla þar sem því verður viðkomið.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér áætlun sem er matskyld skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.



### 2.3. Umhverfismat

<b>Gróður og dýralíf</b>	-/0	Varnarvirkin munu óhjákvæmi-lega raska gróðri og dýralífi sem fyrir er á framkvæmdasvæðinu. Mikilvægt er að vanda mjög til verka við frágang varnar-virkjanna. Taka þarf mið af aðliggjandi gróðurfari þannig að mannvirkið falli sem best að landslaginu	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og velðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
<b>Landslag og sjónræn áhrif</b>	-	Varnargarðurinn verður nálægt byggðinni og því sýnileg frá þéttbýlinu. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins og kennileitum. Því er mjög mikilvægt að við hönnun varnarvirkjanna verði reynt að draga úr sýnileika þeirra með landmótun. Mikilvægt er að form varnarvirkja og yfirborð falli sem best að aðliggjandi landslagi.	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
<b>Fornleifar</b>	-	Innan deiliskipulagsmarka voru skráðar 18 minjar. Tvær minjar eru í beinni hættu vegna framkvæmdarinnar og fara undir garðinn. Aðrar minjar eru við stíg sem liggja mun að garðinum. Lokaútfærsla stígs og hönnun mun verða gerð í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins og þess gætt að minjum verði raskað sem allra minnst.	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
<b>Heilsa og öryggi</b>	+	Áhrifin eru jákvæð. Markmið deiliskipulags-breytingarinnar er að áhætta vegna ofanflóða verði ásættanleg, þ.e. í samræmi við reglugerð nr. 505/2000. Öryggi íbúa á svæðinu mun því aukast frá því sem er í dag.	505/2000 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða. Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
<b>Útvist</b>	+	Áhrif á útvist jákvæð. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins en hins vegar mun verða til nýtt útvistarsvæði.	Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013

### **3. Afgreiðsla eftir auglýsingu**

Niðurstaða umhverfisskýrslu leiddi í ljós að neikvæðra áhrifa mun gæta vegna sýnileika mannvirkja sem reistar verða vegna framkvæmdarinnar. Neikvæðra áhrifa mun gæta á skógrækt og fornminjar og sett var því fram vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir vegna þessa.

Tillagan að breytingu á deiliskipulagi fyrir Klif var auglýst frá frá 16. ágúst 2012 til 5. september 2012 og endurauglýst 21. nóvember 2012 til 9. janúar 2013. Ein athugasemd barst á auglýsingatíma ein athugasemd eftir auglýsingatíma og var ódagsett. Umsagnir bárust við deiliskipulagsbreytinguna frá Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands.

Auglýsingatími breytingarinnar var framlengdur til 5. september þar sem upphaflega var breytingin auglýst sem grenndarkynning. Eftir athugasemd Skipulagsstofnunar var ákveðið að breyta því í auglýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Eftirfarandi athugasemdir bárust við deiliskipulaginu og var þeim svarað.

**Jóhanna Gísladóttir Hjöllum 20 Patreksfirði, dags. 17. ágúst 2012.**

Í því bréfi var mótmælt að göngustígur færí inn á eignarlóð og að skipulagsreitur næði þar yfir. Gögn voru lagfærð m.t.t. athugasemdar og deiliskiplagsmörkin dregin út fyrir eignarlóðina.

**Jónas Þór Urðargötu 6 Patreksfirði, ódags.**

Eftirfarandi eru svör nefndarinnar við athugasendum og eru þau sett fram í 6 liðum.

1. Hönnun varnargarðs og áhrif á jarðminjar: Hönnun varnargarðs byggir á þeim forsendum sem fram koma í Frumathugun á snjóflóðavörnum við Klif á Patreksfirði. Sú athugun byggir á forathugun frá árinu 2003. Í samræmi við hana var lagt til að byggður verði 250 metra langur og 10 – 12 metra hárr þvergarður ofan grunnskóla, kyndistöðvar og sjúkrahúss. Byggingarnar standa allar innan hættusvæðis C á austanverðu svæðinu við Klif. Ennfremur er lagt til að settar verði upp snjósöfnunargrindur á fjallinu ofan upptakasvæða snjóflóða til þess að draga úr hættu á snjósöfnun í hlíðina og auka þannig öryggi garðsins gagnvart snjóflóðum.  
Áhrif á jarðminjar eru taldar vera óverulegar þar sem ekki eru jarðmyndanir að ræða á svæðinu sem njóta einhverjar verndar.
2. Áhrif á skógrækt. Það er rétt að hluti skógræktar fer undir varnarmannvirki. Hluti mótvægisaðgerða verður að planta eins miklu og tapast við framkvæmdina og er það á ábyrgð sveitarfélagsins að því verði framfylgt. Aðgengi að skógræktarsvæðinu ætti því mögulega að aukast með aukinni stígagerð um svæðið sem og ætti að nýtast betur í skólastarfi t.a.m. með aukinni aðstöðu við útikennslu.
3. Áhrif á fuglalíf. Gerð var athugun á fuglalífi vegna fyrirspurnar á matsskyldu og samkvæmt henni voru áhrifin talin vera óveruleg þar sem ekki hafa fundist fuglar á svæðinu sem eru á válista og varptegundir algengar á svæðisvísu. Í greinargerð sem fylgdi deiliskipulaginu kemur fram á að

við frágang varnar-virkjanna. Taka þarf mið af aðliggjandi gróðurfare Þannig að mannvirkið falli sem best að landslaginu

4. Áhrif á fornleifar. Í greinargerð með deiliskipulaginu í kafla 1.9 kemur fram um hvers konar minjar eru að ræða. Unnin var úttekt á forminjum á svæðinu og liggur fyrir skýrsla þess efnis. Innan deiliskipulagsmarka voru skráðar 18 minjar. Tvær minjar eru í beinni hættu vegna framkvæmdarinnar og fara undir garðinn. Aðrar minjar eru við stíg sem liggja mun að garðinum. Lokaútfærsla stígs og hönnun mun verða gerð í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins og þess gætt að minjum verði raskað sem allra minnst.
5. Framkvæmdin sem slík var tilkynnt til Skipulagsstofnunar. Þann 11. ágúst 2011 tilkynnti Verkís hf., f.h. Vesturbyggðar, gerð snjóflóðavarana við Klif á Patreksfirði, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 k í 2. viðauka laganna. Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir þann 4. október 2011 þar sem fram kom að framkvæmdin skyldi ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.
6. Veglagning. Um er að ræða 3 m vegslóða sem fer um að mestu raskað land. Slóða verður síðan gengið frá í lok framkvæmdar þannig að hann nýtist sem útvistarstígur. Þveranir á vatnsfarvegum má auðveldlega fjarlægja ef vilji er fyrir því að framkvæmdum loknum. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir umrædda umferð í gegnum bæinn en við undirbúnning framkvæmdar voru skoðaðir aðrir kostir varðandi aðkomu að svæðinu sem reyndust ekki raunhæfir. Annars vegar aðkoma að vestanverðu og sem þótti ekki æskilegur kostur þar sem allri þungaumferð er beint þá í gegnum bæinn. Hinn kosturinn var að vera með veg austan við Sjúkrahúsið sem reyndist of brött leið en einnig fylgdi umferð í gegnum bæinn. Núverandi kostur þykir því álitlegasti kosturinn m.t.t. þeirra áhrifa sem slík framkvæmd kann að hafa í för með sér. Við útfærslu vegarins verður tekið tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar sem benti á að fella fláa og skeringar þannig að landi að slóðin verði minna sýnilegur og að uppgræðsla verði í samræmi við það gróðurfar sem er þegar á svæðinu.

#### **Umsögn Umhverfisstofnunar barst með bréfi dags. 23. október 2012**

Umhverfisstofnun benti á að leggja ætti áherslu á að fella fláa og skeringar, þar sem þær verða teknar að landi þannig að slóðin verði eins lítt sýnileg og kostur er. Uppgræðsla slóðarinnar verði í sem mestu samræmi við ríkjandi gróðurfar. Texta í greinargerð varðandi aðkomuveg var breytt til samræmis við athugasemd.

#### **Umsögn Veðurstofu Íslands, dags. 31. Október 2012.**

Veðurstofan gerði engar athugasemdir við breytinguna.



## **Heimildarskrá**

---

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
10. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
11. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
12. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
15. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana
16. Skipulagsstofnun 2011. Snjóflóðavarnir við Klif á Patreksfirði. Ákvörðun um matsskyldu.
17. Verkís 2011. Snjóflóðavarnir við Klif á Patreksfirði. Fyrirspurn um matsskyldu.

